



Alþingi  
Erindi nr. P 130/2004  
komudagur 21.4.2004

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Iðnaðarnefnd Alþingis  
b.t. Elína V. Þorsteinsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. apríl 2004

Sam 157/2004 ÞS/sp  
Tilv.: 051

### Efni: Frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. apríl var lagt fram bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku



## Umsögn

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

#### um frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál 130. löggjafarþings.

Stjórn sambandsins leggst ekki gegn samþykkt frumvarpsins en leggur áherslu á að það fjármagn sem nýtt er til niðurgreiðslu á raforkukostnaði til almennra notenda komi úr ríkissjóði, eins og ráð er fyrir gert í frumvarpinu. Jafnframt telur stjórnin ástæðu til að benda á að áhrif frumvarpsins verði það að lögum ráðast af forsendum sem ekki liggja fyrir upplýsingar um á þessu stigi máls.

Í fyrsta lagi er óljóst hversu mikið fé ríkið mun leggja til niðurgreiðslu á raforkukostnaði til almennra notenda. Veltur það á ákvörðun í fjárlögum hverju sinni, verði frumvarpið óbreytt að lögum. Fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið að ríkisstjórnin hafi markað þá stefnu að veitt verði að hámarki 230 milljónum króna til þessara niðurgreiðslna. Byggi það á „lauslegri“ áætlun iðnaðarráðuneytisins á kostnaði við niðurgreiðslurnar. Nauðsynlegt er að skýrari skuldbindingar ríkisins liggja fyrir í þessu efni áður en frumvarpið verður samþykkt.

Í öðru lagi liggur enn ekki fyrir hvaða dreifbýlissvæði geti átt kost á niðurgreiðslu. Sé til dæmis einni dreifiveitu þörf á að setja tiltölulega háa þéttbýlisgjaldskrá kemur slíkt augljóslega til með að hafa áhrif á viðmiðunarfrjárhæðir sem ráðherra ber að setja í reglugerð. Getur það leitt til þess að möguleikar á niðurgreiðslu raforkukostnaðar til almennra nota í dreifbýli verði mjög takmarkaðir, jafnvel þó að mismunur raforkukostnaðar milli landsvæða verði töluverður.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 16. apríl 2004.

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri